



# RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi  
Erindi nr. P 138/1880  
komudagur 4.S. 2010

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8 – 10,	3. maí 2010	A-8 LÖ/bb
150 REYKJAVÍK		

Vísað er til erindis efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 20. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðingar (lífeyrisgreiðslur úr B-deild), 529. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að skýrar verði kveðið á um núverandi framkvæmd lífeyrisgreiðslna, þ.e.a.s. að tekin verði af öll tvímæli um að þeir, sem gegna störfum, sem heimila aðild að B-deild, geti samhliða slíkum störfum tekið ellilífeyri úr B-deild jafnvel þótt greitt sé af því starfi í annan lífeyrissjóð.

Ríkisendurskoðun hefur ekki athugasemdir fram að færa við frumvarpið. Á hinn bóginn vill hún nota það tækifæri, sem hér gefst til þess að leggja til breytingu til viðbótar á lögnum um bæði Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna. Breytingartillagan lýtur að endurgjaldi fyrir endurskoðunarþjónustu stofnunarinnar við sjóðinn og skal nú nánari grein gerð fyrir henni.

Í 2. mgr. 9. gr. gildandi laga Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er kveðið á um að reikningar sjóðsins skuli endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun án sérstakrar þóknunar. Sambærilegt ákvæði er að finna í 6. gr. laganna um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga. Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun er henni veitt heimild til að krefjast endurgjalds fyrir fjárhagsendurskoðun hjá ríkisaðilum, sem getið er um í 2. mgr. sömu greinar. Þar er m.a. um að ræða stofnanir, sem reknar eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira sem og félög og sjóði, sem ríkið á að helmingi eða meira.

Ofangreind heimild til gjaldtöku hefur verið útfærð á þann veg að allir aðilar utan A-hluta ríkissjóð eru krafðir um endurgjald fyrir þá endurskoðunarþjónustu, sem stofnunin veitir þeim. Þetta er gert til þess að viðkomandi aðilar hafi í sínum rekstri sambærilegan endurskoðunarkostnað og almenn fyrirtæki á markaði, sem þau eru að bera sig saman við eða keppa við enda er þessum aðilum að jafnaði ætlað að standa undir öllum kostnaði við starfsemi sína af tekjum sínum.

Að mati Ríkisendurskoðunar er óeðlilegt að lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna lúti öðrum reglum um kostnað við endurskoðun en t.d. ríkisaðilar í B – E hluta ríkisreiknings eða aðrir lífeyrissjóðir, er starfa hér á landi. Því leggur stofnunin til að orðin “án sérstakrar þóknunar” í annars vegar 2. másl. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 1/1997 um Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og hins vegar í 2. másl. 6. gr. laga nr. 2/1997 um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga verði felld út úr lögnum. Til fróðleiks skal þess getið að stofnunin ver um 450 til 600 tímum árlega í endurskoðun samtals hjá opinberu lífeyrissjóðunum.

Erinn Arason  
Linn Ógm.